

því, að þeir sæki sérstakt tveggja mánaða námskeið, sem efnt skal til í þessu skyni, 66  
og ljúki þar prófi. 17. júlí

Ráðherra heimilast að ákveða reglur fyrir námskeið þetta að fengnum tillögum skólustjóra Vélstjóraskólans í Reykjavík, Fiskifélags Íslands, Vélstjóraráfélags Íslands og Mótórvélstjóraráfélags Íslands. — Þó skulu þeir, sem hafa siglt sem vélstjórar í samtals 4 ár frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi sem vélstjórar, og til þess er lög þessi ganga í gildi, verða aðnjótandi þeirra auknu réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim, er staðizt hafa hið minna mótórvélstjórarápróf Fiskifélags Íslands án undangengins viðauka náms eða prófs.

*Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um iðnlánasjóð.

67

17. júlí

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 11. gr. laga nr. 55 7. maí 1946, um breytingar á lögum nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð, hef látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga og laga nr. 40 27. júní 1941 inn í téð lög nr. 12 9. jan. 1935 og gef þau þannig út svo breytt:

#### 1. gr.

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lán-um, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 300000 kr.

#### 2. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán, með útgáfu handhafavaxtabréfa eða á annan hátt, með samþykki ráðherra, og má hann jafnan skulda samtals allt að þreföldum höfuðstól þeim, er hann hefur á hverjum tíma. Lánin skulu tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

#### 3. gr.

Atvinnumálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en skal fela Útvegsbanka Íslands, eða annarri hliðstæðri stofnun, með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenzkra iðnrekenda.

#### 4. gr.

Lánin veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á ann-  
an hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum), og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði.

#### 5. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveitingin styðji ekki að óheilbrigðri og óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend samiðnarfyrirtæki.

67

17. júlí

6. gr.

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

- a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lánsupphæðinni, hvaða vélar á að kaupa og kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setja niður og til hvers þær skuli nota.
- b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
- c. Upplýsingar um aldur, menntun, iðnréttindi og iðnstarfsaldur lánbeiðanda.
- d. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðurinn kann að óska eftir.

7. gr.

Upphæð lánanna ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur  $\frac{1}{5}$  — einum fimmta hluta — þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

8. gr.

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum, tryggum sölusamningum, ef um rekstrarlán er að ræða, sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð rekstrarlánafélags iðnaðarmanna, þar sem hver félagsmaður ábyrgist frá 100—1000 kr., eða á annan hátt, sem sjóðstjórnin telur jafntryggan.

9. gr.

Lánstíminn er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust 2 fyrstu árin, en eftir það afborgist þau með jöfnum afborgunum. Atvinnumálaráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

10. gr.

Sjóðstjórnin getur heimtað allar þær upplýsingar, sem hún telur þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán. Hún getur látið rannsaka rekstur lánbeiðanda og endurskoða reikningshald hans, og einnig leitað álits sérfræðinga. Kostnað við slíka rannsókn greiðir lánbeiðandi. Annar kostnaður við stjórn og rekstur iðnlánasjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

11. gr.

Óheimilt er stjórn sjóðsins, stjórn Landssambands iðnaðarmanna, stjórn Félags íslenskra iðnrekenda og trúnaðarmönnum þeirra að láta óviðkomandi í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökur þessar.

12. gr.

Þegar lánin eiga að notast til að kaupa vélar eða áhöld, greiðast þau til seljanda, en ekki lántakanda sjálfs, og er lántakandi jafnan skyldur að hlíta þeim ákvæðum, er sjóðstjórnin kann að setja um gerð og tegund vélanna.

13. gr.

Til þess að tryggja það, að vélum þeim, sem settar eru að veði fyrir lánnum úr iðnlánasjóði, sé jafnan haldið vel við og í veðhæfu ástandi, skal ráðuneytið fela vélaeftirlitsmanni ríkisins að hafa sérstakt eftirlit með vélum þessum og gefa árlega skýrslu um ástand þeirra. Sannist það, að vélum þessum sé ekki haldið vel við, svo að hætta geti verið á, að þær verði ekki næg trygging fyrir láni því, sem út á þær er veitt, getur sjóðstjórnin sagt upp láninu fyrirvaralaust.

14. gr.

Reikningar iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

*Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*